

Nd.

273. Frumvarp til laga

[159. mál]

um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Nú hefur verkafólk unnið eitt ár samfelld hjá aðilum, sem fást við atvinnurekstur innan sömu starfsgreinar, og ber því þá eins mánaðar uppsagnarfrestur frá störfum, enda hafi uppsögn hjá fyrri atvinnurekendum borið að með löglegum hætti.

Verkafólki, sem ráðið hefur verið hjá sama atvinnurekanda í þrjú ár samfleytt ber tveggja mánaða uppsagnarfrestur.

Eftir fimm ára samfellda ráðningu hjá sama atvinnurekanda ber verkafólki þriggja mánaða uppsagnarfrestur.

Verkafólk telst hafa unnið innan atvinnugreinar eða verið ráðið hjá atvinnurekanda í eitt ár, ef það hefur unnið samtals a. m. k. 1550 stundir á síðustu 12 mánuðum, þar af a. m. k. 130 stundir síðasta mánuðinn fyrir uppsögn. Jafngildar unnum klukkustundum teljast í þessu sambandi fjarvistir vegna veikinda, slysa, orlofs, verkfalla og verkþanna, allt að 8 klst. fyrir hvern fjarvistardag. Hinsvegar teljast álags- og ákvæðisgreiðslur eða aðrar þess háttar greiðslur ekki jafngildi unninna vinnustunda.

Launþega, sem rétt á til uppsagnarfrests samkvæmt þessari grein, skal skylt að tilkynna með sama fyrirvara, ef hann óskar að hætta störfum hjá atvinnurekanda sínum.

Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðamót.

2. gr.

Nú fer verkamaður fyrir tilmæli atvinnurekanda, sem hann vinnur hjá, til starfs um tíma hjá öðrum atvinnurekanda, og skal þá sá tími talinn unnar vinnustundir hjá hinum fyrirtalda atvinnurekanda, að því er réttindi þau snertir, sem um getur í 1. gr.

3. gr.

Nú fellur niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa, og verður atvinnurekanda þá eigi gert að greiða bætur til launþega sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 130 klukkustundum á mánuði, enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn meðan slíkt ástand varir.

Nú hefur verkamaður misst atvinnu sína af ofangreindum ástæðum og honum býðst annað starf, sem hann óskar að taka, og er hann þá ekki bundinn af ákvæðum 5. málsg. 1. gr. um uppsagnarfrest, enda tilkynni hann strax atvinnurekandanum ef hann ræður sig hjá öðrum til frambúðar.

4. gr.

Allt verkafólk sem forfallast frá vinnu vegna slysa við vinnuna, á beinni leið til eða frá vinnu, eða vegna atvinnusjúkdóma, sem orsakast af henni, skal fá greidd laun fyrir dagvinnu í allt að 3 mánuði samkvæmt þeim taxta, sem viðkomandi tók laun eftir, enda sé unnið hjá aðila sem fæst við atvinnurekstur í viðkomandi starfsgrein.

5. gr.

Allt fastráðið verkafólk, sem ráðið hefur verið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár samfellt, skal er það forfallast frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, í einn mánuð.

Hafi slíkt starfsfólk verið ráðið hjá sama atvinnurekanda í þrjú ár samfellt skal það, auk þess sem í 1. mgr. segir halda daglaunum sínum í einn mánuð en í tvo mánuði eftir fimm ára samfellda ráðningu hjá sama atvinnurekanda.

Auk þeirra réttinda sem fastráðið verkafólk nýtur skv. 1. og 2. mgr. skal það, er forföll stafa af vinnuslysi eða atvinnusjúkdómi, halda dagvinnulaunum í allt að þrjá mánuði eins og í 4. gr. segir.

6. gr.

Á fyrsta starfsári hjá sama atvinnurekanda skal verkafólk eigi missa neins í af launum, í hverju sem þau eru greidd, í tvo daga fyrir hvern unninn mánuð í veikinda- og slysatilfellum, auk réttar til dagvinnulauna samkv. 4. gr.

7. gr.

Vinnuveitendur skulu greiða 1% af útborguðu kaupum verkafólks í sjúkrasjóð viðkomandi stéttarfélags, nema um hærrí greiðslur hafi verið samið í kjarasamningum.

8. gr.

Nú vill launþegi neyta réttar síns samkvæmt 1. og 4. gr., og skal hann þá, ef atvinnurekandi óskar þess, afhenda honum vottorð læknis um veikindin eða slysið, er sýni, að hann hafi verið óvinnufær vegna veikindanna eða slyssins.

9. gr.

Ákvæði laga þessara hagma ekki samningum milli samtaka atvinnurekenda og launþega um greiðslu atvinnurekanda á sjúkrapeningum til starfsmanna sinna, hvort sem þeir eru greiddir til styrktarsjóða, stéttarfélaga eða beint til þeirra sjálfra.

10. gr.

Ákvæði samnings milli atvinnurekanda og launþega, sem brjóta í bág við lög þessi, eru ógild, ef þau rýra rétt launþegans.

Haldast skulu þau réttindi, sem veitt eru með sérstökum lögum, samningum eða leiðir af venju í einstökum starfsgreinum, ef þau eru launþeganum hagstæðari en ákvæði þessara laga.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 16. 9. apríl 1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrest frá störfum og rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við þau fyrirheit, sem ríkisstjórnin gaf launþegasamtökunum um umbætur í félags- og réttindamálum samfara setningu laga um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu nr. 103 30. nóvember 1978.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Rétti verkafólks til eins mánaðar uppsagnarfrests er í 1. gr. breytt á þann veg, að eins árs samfellt starf innan sömu starfsgreinar nægir en samkvæmt eldri lögnum þarf launþegi að vinna í eitt ár samfellt hjá sama atvinnurekanda.

Rétturinn er hins vegar takmarkaður við störf hjá aðilum, sem fást við atvinnurekstur og nær því t. d. ekki til einstaklinga sem ráða verkafólk tímabundið til starfa svo sem við húsbýggingu o. þ. h.

Það er nýmæli að lögfesta með þessum hætti tiltekinn réttindaávinning með samfelldu starfi innan ákveðinnar starfsgreinar, þótt hliðstæð ákvæði sé víða að finna í vinnulöggjöf nálægra þjóða. Raunar eru slík ákvæði þegar komin inn í kjarasamninga a. m. k. eins starfshóps hér á landi þ. e. Sambands byggingarmanna. Þetta nýja ákvæði kemur einkum til góða því fólki, sem stundar margvíslega árs-tíðabundna atvinnu t. d. í fiskiðnaði, og hefur fram til þessa ekki náð að öðlast rétt til marktæks uppsagnarfrests. Hins vegar þykir eðlilegt að gera þá kröfu til launþega, sem á að öðlast rétt samkvæmt þessu ákvæði, að hann hafi staðið að uppsögn hjá fyrri vinnuveitendum sínum í samræmi við lög og samninga.

2. og 3. mgr. 1. gr. eru viðbót við gildandi lög og gera ráð fyrir lengingu uppsagnarfrests þegar verkafólk hefur starfað samfellt tiltekið árabíl hjá sama atvinnurekanda. Er þetta í samræmi við það sem yfirleitt gildir í samningum annarra launþega enda munu samtök vinnuveitenda ekki telja þessa breytingu óeðlilega.

Breyting sú, sem gerð er á 4. mgr. 1. gr. er til samræmingar við styttingu vinnuvikunnar úr 48 í 40 stundir. Jafnframt er þar bætt inn nýju ákvæði til að taka af tvímæli um það, að ekki sé hægt að umreikna sérstakar uppbætur á laun til tíma-gjalds og láta slíkt jafngilda lengingu starfstíma við mat á rétti til uppsagnarfrests.

Ákvæði 5. mgr. 1. gr. eru óbreytt frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 3. gr.

Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 4. gr.

Þessi grein er ný og felur í sér, að allt verkafólk skuli eiga rétt til greiðslu dagvinnulauna í allt að 3 mánuði er það forfallast frá vinnu vegna atvinnusjúkdóma, sem eiga rætur að rekja til þeirrar vinnu, sem viðkomandi stundar, svo og vegna vinnuslysa.

Samkvæmt eldri lögum átti verkafólk hinsvegar ekki rétt til nema 4 vikna launa í veikinda- og slysatilfellum að því tilskildu, að það hefði unnið í eitt ár eða lengur hjá sama atvinnurekanda. Svo takmarkaður réttur til launa í veikinda- eða slysatilfellum samrýmist auðvitað engan veginn réttarvitund fólks í dag og kröfum nýrra tíma enda hafa launþegar yfirleitt náð fram í kjarasamningum mun betri rétti en þetta. Má nefna til dæmis að verslunar fólk fær nú laun í tvo mánuði eftir eins eins árs starf hjá sama atvinnurekanda og allt upp í 6 mánuði eftir 10 ára starf.

Þetta nýja ákvæði tryggir öllu verkafólki 3 mánaða dagvinnulaun, hvort sem það er lausráðið eða fastráðið og án tillits til starfstíma innan starfsgreinar eða hjá sama atvinnurekanda. Það skilyrði eitt er sett að vinnuveitandinn sé aðili, sem fæst við atvinnurekstur, og eðlilegt er því að ætlast til að tryggi sig fyrir slíkri áhættu sem þessari.

Um 5. gr.

Í þessari grein er kveðið á um rétt verkafólks sem hefur verið ráðið í eitt ár eða lengur samfellt hjá sama atvinnurekanda. Skal það nú, er það forfallast frá vinnu vegna veikinda eða slysa, njóta launa samkvæmt staðgengisreglu í einn mánuð, eins og verið hefur, en halda síðan dagvinnulaunum í einn mánuð til viðbótar eftir þriggja ára starfstíma og í tvo mánuði eftir 5 ára samfellda ráðningu. Allar þessar greiðslur skal atvinnurekandi inna af hendi þótt veikindi séu óviðkomandi þeirri vinnu, sem launþeginn stundar, og þótt slys sé ekki í tengslum við vinnuna, svo fremi að ekki sé til að dreifa ásetningi eða gáleysi launþegans sjálfs.

Samkvæmt 3. mgr. skal fastráðið verkafólk auk þessa njóta greislna skv. 4. gr. þ. e. dagvinnu í allt að 3 mánuði ef um vinnuslys eða atvinnusjúkdóm var að tefla.

Þessi nýju ákvæði leiða til mjög verulegrar lengingar launagreiðslna í veikinda- eða slysatilfellum og væru þau því mikil réttindabót fyrir flest allt verkafólk. Hinsvegar ætti tilkostnaður vegna þeirra fyrir atvinnureksturinn í landinu ekki að verða mjög tilfinnanlegur því öll sú viðbót við núverandi réttindi sem í ákvæðunum felst, er þess eðlis að hægt er að tryggja sig fyrir hinni auknu áhættu.

Um 6. gr.

Ákvæði tilsvarendi því sem er í þessari grein er nú að finna í flestum eða öllum kjarasamningum aðildarfélaganna A.S.Í. Sú breyting er hér þó gerð að óskert laun greiðast í tvo daga í stað eins fyrir hvern unninn mánuð.

Um 7. gr.

Ákvæði um framlög vinnuveitenda í sjúkrasjóði verkafólks eru nú í samningum flestra launþegasamtaka. Er hlutfall þessarar greiðslu víða hærra en það 1% sem hér er gert ráð fyrir að verði lágmark. Þessi greiðsla er þó nýmæli fyrir verslunar fólk sem ekki hefur áður átt aðgang að sjúkrasjóði.

Aðrar greinar frumvarps þessa eru óbreyttar frá gildandi lögum.